



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 8. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 1. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 10. JANÚAR 2019

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 10. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### Gengið til dagskrár:

#### Erindi til sveitarstjórnar:

##### 1. Heilsuefandi samfélag.

Oddviti fór yfir stöðu verkefnisins. Á fundinn mætti Gunnar Gunnarsson verkefnisstjóri Heilsuefandi samfélags og fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið og næstu skref. Sveitarstjórn þakkar Gunnari fyrir góða yfirferð um verkefnið. Sveitarstjórn samþykkir að á næsta sveitarstjórnarfundum verði skipaður stýrihópur um verkefnið.

##### 2. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umboð til kjarasamningagerðar.

Oddviti kynnti samkomulag um kjarasamningsumboð milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hrunamannahrepps. Umboðið nær til allra kjarasamninga þeirra stéttarfélaganna sem Hrunamannahrepps er aðili að og einnig til upplýsingagjafar um til sambandsins um kjaramál. Sveitarstjórn samþykkir umboðið og samkomulagið og felur sveitarstjóra að undirrita það.

##### 3. Götuheiti vegna deiliskipulags í Gröf og Laxárhlið.

Oddviti kynnti vinnu sem farið hefur fram til að finna götuheiti á þrjár götur vegna deiliskipulagsvinnu í Gröf og Laxárhlið. Sveitarstjórn samþykkir að a-gata fái nafnið Reynihlið, b-gata fái nafnið Víðihlið og c-gata nafnið Birkihlíð.

##### 4. Umhverfisstofnun: Fulltrúi í vatnasvæðanefnd.

Oddviti kynnti beiðni frá Umhverfisstofnun um tilnefningu fulltrúa frá sveitarfélaginu í vatnasvæðanefnd. Sveitarstjórn tilnefnir Hannibal Kjartansson, veitustjóra sem fulltrúa Hrunamannahrepps í nefndina.

##### 5. Þjóðskrá: Upplýsingar um veitur hjá sveitarfélögum.

Oddviti kynnti beiðni um upplýsingar um veitur til skráningar hjá Þjóðskrá. Sveitarstjórn felur veitustjóra að svara erindinu.

##### 6. Starfshópur um endurskoðun kosningalaga: Beiðni um athugasemdir.

Oddviti kynnti bréf frá starfshópi um endurskoðun kosningalaga þar sem óskað var eftir athugasemdum.

##### 7. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

Oddviti kynnti drög að breytingum um samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Jafnframt er lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 7. janúar s.l. Nú liggjur fyrir að sá úrgangur í sveitarfélaginu sem ekki fer í endurvinnsluferli þarf að flytja út með tilheyrandi kostnaði. Sveitarstjórn vísar breytingum á samþykktum til umfjöllunar í umhverfisnefnd. Jafnframt þarf að vinna áfram að því að miðla upplýsingum til íbúa, starfsmanna, fyrirtækja og frístundahúsaeigenda um úrgangsmál. Stefnt er að því að halda fljótlega íbúafund um úrgangsmál.

##### 8. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs.

9. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Sveitarstjórn fagnar tillögunni.
10. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.
11. **Aðalfundur Bergrisans bs.: Kosning fulltrúa.**  
Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aðalfundi Bergrisans bs. þann 18. janúar n.k. Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir. Til vara Aðalsteinn Þorgeirsson og Jón Bjarnason.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

12. **Öldungarráð: Fundargerð 5. fundar frá 4. desember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar öldungarráðs. Þessi fundur var vettvangsferð á Hvolsvöll til að skoða aðstöðu eldri borgara í tækjasal.
13. **Veitustjórn: Fundargerð 4. fundar frá 10. desember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar frá 10. desember s.l. Fjallað var um héraðsdóm í máli Isavia gegn Hitaveitunni, farið yfir stöðu Kópsvatnsvirkjunar, viðræður um uppbyggingu á Lóni á Byggð á Bríkum, auglýsingasamning og yfirlit veitustjóra. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
14. **Vinnuhópur um uppbyggingu hjúkrunarheimilis: Fundargerð 1. fundar frá 18. desember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð vinnuhóps um uppbyggingu hjúkrunarheimila. Nefndin fjallaði um skipunarbréf nefndarmanna og störf nefndarinnar. Ákveðið var að næstu skref yrðu að nefndin færi í vettvangsferð á Hellu og Hvolsvöll til að skoða aðstæður þar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

15. **Fundargerð 168. fundar skipulagsnefndar frá 12. desember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 5. desember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 168. fundar skipulagsnefndar frá 12. desember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 5. desember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 27: Afgreiðslur byggingafulltrúa.**  
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 5. desember.
16. **UTU bs: 57. fundargerð stjórnar frá 12. desember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 57. fundar stjórnar UTU bs. Farið var yfir starfsmannaráðningar. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 274. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 540. fundar stjórnar frá 7. desember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 541. fundar stjórnar frá 27. desember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. **Almannavarnir Árnassýslu: Fundargerð 1. fundar frá 19. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Aðalfundargerð frá 19. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- f. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 192. fundar stjórnar frá 5. desember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- g. Málþing ungmennaráða um umferðaröryggi í Grindavík: Ályktun.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. Samtök orkusveitarfélaga: Aðalfundargerð frá 10. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. Skipulagsstofnun: Hækkað kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 865. fundar stjórnar frá 30. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 866. fundar stjórnar frá 14. desember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Vinnumansal og kjör erlends starfsfólks.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- m. UTU: Fundur með Þjóðskrá um staðfangarskráningu o.fl. 11. janúar n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Fundur með nefnd um þjóðgarð á miðhálandinu 22. janúar n.k.**  
Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- o. Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Ársskýrsla 2017.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. Þjóðskjalasafn Íslands: Skýrsla um starfsemi héraðsskjalasafns Suðurlands**  
Lagt fram til kynningar.
- q. Þjóðskjalasafn Íslands: Heildarskýrsla með samanteknum niðurstöðum um starfsemi allra 20 héraðsskjalasafna sem í landinu starfa.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 17.00.